

3. fundur

3. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 13. mars, kl. 18:00 á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Arnar Ólafsson, varaformaður, Einar Ólafsson, ritari, Friðbjörn B. Möller, gjaldkeri á Skype frá Akureyri, Jósep Húnfjörð Vilhjálmsson meðstjórnandi, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Íris Svavarsdóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum. Einnig eru mætt Sólveig Jónsdóttir, verkefnastjóri landsliða í hóp fimleikum og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum.

Formaður setti fundinn

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 2. fundar er samþykkt.

2. Ráðning framkvæmdarstjóra Fimleikasambands Íslands

Ráðning framkvæmdarstjóra Fimleikasambands Íslands. Lögð fram greinargerð formanns FSÍ dags. 12. mars 2012, vegna ráðningar í stöðuna. Jafnframt lagt fram yfirlit um umsækjendur og auglýsingu um stöðuna. Sautján umsóknir bárust. Lagt er til að Helgi Jóhannesson verði ráðin framkvæmdarstjóri Fimleikasambands Íslands.

Samþykkt.

Bókun:

Fimleikasambandið óskar nýráðum framkvæmdarstjóra velfarnaðar í starfi og þakkar fráfaramandi framkvæmdarstjóra vel unnin störf í þágu fimleika á Íslandi.

3. Fastanefndir FSÍ

Í lögum FSÍ sem samþykkt voru á fimleikaþingi 2012 er kveðið á um í V. kafla 18 gr. að stjórn FSÍ skuli á fyrsta stjórnarfundum eftir fimleikaþing kjósa í eftirtaldar fastanefndir sambandsins.

Stjórn skal kjósa:

- fjóra fulltrúa í tækninefnd karla í áhaldafimleikum
- fjóra fulltrúa í tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum
- fjóra fulltrúa í tækninefnd í hóp fimleikum
- fjóra fulltrúa í nefnd um almenna fimleika/fimleika fyrir alla

- Formann og þrjú nefndarmenn í fræðslu og útbreiðslunefnd
- Formann og tvö nefndarmenn í nefnd um fjáröflunar- og markaðsmál

Formenn nefnda í liðum a-d eru kosnir sérstakri kosningu á fimleikaþingi ár hvert. Nefndarmenn skulu skipta með sér verkum, og kjósa varaformann, ritara, og meðstjórnendur. Fastanefndir FSÍ starfa í umboði stjórnar sambandsins samkvæmt lögum og reglum FSÍ. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag er þeim óheimilt að stofna til útgjalda eða skuldbinda FSÍ fjárhagslega. Stjórn er þó heimilt að fela nefndum ákveðna ábyrgð sem skal skilgreind í reglugerðum FSÍ um einstaka nefndar.

Stjórn skal setja fastanefndum starfsreglur og hefur eftirlit með störfum þeirra. Í starfsreglum nefnda skal kveðið á um verkaskiptingu innan nefnda, boðun funda, fundargerðir, birtingu fundargerða, hæfi o.fl.

Á fimleikaþingi var kosið í fastanefndir FSÍ eftir lögum sem um það giltu fyrir samþykkt nýrra laga sambandsins.

Á Fimleikaþingi 2012 var jafnframt samþykkt bráðarbirgðar ákvæði þar sem umboð þeirra sem kosnir voru í fastanefndir FSÍ fyrir utan formenn fellur niður.

Bráðabirgðarákvæði:

„Þegar staðfesting ÍSÍ á lögum þessum liggur fyrir, sbr. 27. gr., skal stjórn FSÍ koma saman til fundar. Á þeim fundi skal stjórn kjósa í eftirtaldar fastanefndir FSÍ samkvæmt lögum þessum: Tækninefnd í áhaldafimleikum karla, tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna, tækninefnd í hóp fimleikum, nefnd um almenna fimleika/fimleika fyrir alla, fræðslunefnd og fjáröflunar- og útbreiðslunefnd. Kjörtímabil nefndarmanna skal vera fram að fimleikaþingi 2013. Frá og með áðurnefndum stjórnarfundum og kjöri í framangreindar fastanefndir fellur niður umboð þeirra nefndarmanna sem kjörnir voru til setu í nefndum FSÍ á fimleikaþingi 2012. Um kosningu í framangreindar fastanefndir FSÍ fer samkvæmt 1. mgr. fer samkvæmt 18. gr. laga þessara. Um nefndirnar, hlutverk og ábyrgð, gilda ákvæði V. kafla laga þessara.“

Formaður lagði fram reglugerðir Fimleikasambands Íslands sem samþykktar af stjórn FSÍ og lagðar fyrir þing FSÍ 23. janúar 2010.

Í 1. gr reglugerðar FSÍ er fjallað um starfslýsingu og starfssvið tækninefndar kvenna og karla í áhaldafimleikum (TKV og TK). Í 2. gr. er fjallað um starfslýsingu og starfssvið tækninefndar í hóp fimleikum (THF). Í 3. gr. er fjallað um starfslýsingur og starfssvið tækninefndar í almennum fimleikum (TAF). Í 4. gr. er fjallað um starfslýsingu og starfssvið nefndar um fimleika fyrir alla (FFA). Í 5. gr. er fjallað um starfslýsingu og starfssvið fræðslunefndar FSÍ. Í 7. gr er fjallað um starfssvið fjármálanefndar. Í 8 gr. er fjallað um starfssvið laga- og reglugerðarnefndar og í 9. gr er fjallað um starfssvið kjörnefndar.

Málið rætt:

Að loknu fimleikafingi 2012 sendi FSÍ nýsamþykkt lög sambandsins til ÍSÍ til staðfestingar í samræmi við lög FSÍ og ÍSÍ. ÍSÍ hefur ekki enn afgreitt málið. Þar sem mikilvægt starf fer fram í fastanefndum FSÍ er ekki ráðlagt að bíða lengur eftir því að starf nefndanna fari af stað og telur stjórn FSÍ, þrátt fyrir framangreinda stöðu mála, mikilvægt að endurnýja umboð þeirra sem kosnir voru í nefndir sambandsins á fimleikafingi 2012. Stjórn samþykkir því að endurnýja umboð þeirra sem kosnir voru í fastanefndir FSÍ á fimleikafingi 2012 að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar FSÍ sem síðast var endurskoðuð 19. janúar 2010. Stjórn felur formönnum fastanefnda að kanna framangreind skilyrði og tilkynna til stjórnar FSÍ ef fulltrúa vantar í nefndirnar. Fyrirhuguð er vinna við endurskoðun reglugerðar FSÍ til samræmis við nýsamþykkt lög, stefnu og umræður á fimleikafingi 2012, en sú vinna bíður afgreiðslu ÍSÍ á lögum félagsins.

Formanni FSÍ er falið að senda á nefndarmenn fastanefnda drög að starfsreglum og óska eftir umsögn nefnda um þær.

Jafnfram að óska eftir tilnefningum um fulltrúa í tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum frá aðildarfélögum FSÍ, þar sem að sú starfsnefnd er sú eina sem ekki er fullskipuð eftir fimleikafing 2012.

1. mgr. 1. gr. rgl.

Tækninefndir skulu skipaðar alþjóðlegum dómurum eða landsdómurum ef þess er nokkur kostur. Leitast skal við að formaður sé alþjóðlegur dómari.

Iðkendur/ virkir keppendur skulu ekki eiga sæti í tækninefndum.

Sé þess nokkur kostur skulu starfandi þjálfarar, einkum afreksfélks, heldur ekki eiga sæti í tækninefndum. Verði ekki hjá því komist skulu þeir (þjálfararnir) aldrei koma að neinni umfjöllun eða ákvörðun mála, sem snertir þá sjálfa eða þeirra iðkendur/keppendur. Komi slík mál tilumfjöllunar og ákvörðunar í nefndunum skulu þeir (nefndarmenn) ætíð víkja af fundi og þess getið með skírurum hætti í fundargerð.

Formenn nefnda skulu á sama hátt aldrei vera starfandi þjálfarar virkra keppenda.

4. UT-nefnd FSÍ

Á 2. fundi FSÍ sem haldinn var 28. febrúar sl. var skipað í UT-nefnd FSÍ sem fara á yfir upplýsinga og tæknimál FSÍ. Nefndin hefur fundað einu sinni og leggur fram minnisblað þess efnis. Nefndin leggur fram kostnaðaráætlun að upphæð 50.000 kr.

Málið rætt.

Stjórn samþykkir kostnaðaráætlun UT-nefndar FSÍ og væntir mikils af vinnu nefndarinnar í framtíðinni. Mikilvægt er að hraða þessari vinnu sem mest.

5. Beiðni um undanþágu fyrir lið í blönduðum flokki (mix) á Mót 4/Undanfari Íslandsmóts í hóp fimleikum 31. mars nk.

Erindi frá tækninefnd í hóp fimleikum. Tækninefnd í hóp fimleikum barst beiðni frá fimleikadeild Stjórnunnar og fimleikadeild Ármanns þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir lið í blönduðum flokki (mix) sem keppa á á móti 4/Undanfari Íslandsmóts í hóp fimleikum sem halda á 31. mars nk. og móti 5/Íslandsmóti í hóp fimleikum sem halda á 13. apríl nk. Erindi þetta hefur hlotið umfjöllun nefndarinnar. Tækninefnd í hóp fimleikum heimilar þeim þátttöku í keppni með rökstuðningi „ við viljum halda strákunum inni í keppni og stuðla að frekari keppnisreynslu fyrir EM í haust.

Í framtíðinni er okkar hugsun sú að þetta verði leyft í flokki blandaðra liða og karlaliða þar til nægum fjölda hefur verið náð, það að blanda saman keppendum úr fleiri en einu félagi, en þó aldrei fleiri en tveimur félögum. Ísland hefur átt undir högg að sækja með fjölda keppenda/liða í karla- og mix og því finnst okkur þetta í lagi til að reyna að fjölga liðum í þessum flokkum. Á norðurlandamótum er leyfilegt að keppa undir merkjum tveggja liða og því er það fordæmi fyrir svona samstarfi bæði á norðurlöndunum og hér á Íslandi samb. blandað lið Gróttu Ármanns 2007-2008, blandað lið Stjórnunnar Bjarkar 2007-2008 og svo nú síðast Stjórnunnar Ármanns á NM2011.“

Málið rætt

Stjórn FSÍ staðfestir samþykkt tækninefndar í hóp fimleikum og heimilar blönduðu liði Stjórnunnar og Ármanns þátttöku á mótinu að því gefnu að fyrirliggi kostnaðarskipta samningur milli félaga.

6. NMU 14 2012 Greve, Danmörk

Erindi frá formanni tækninefndar í áhaldafimleikum karla þar sem hann óskar fjárheimild til að senda tvo þjálfara á kostnað FSÍ á Norðurlandamót drengja, U14 sem halda á í Greve í Danmörku 19-20. apríl nk. Á 39. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands sem haldinn þann 9. janúar 2012 sl. barst stjórn FSÍ ósk um að Norðurlandamót drengja, U14, verði fastur liður í erlendum verkefnum í fjárhagsáætlun sambandsins Samþykkt var að fela framkvæmdarstjóra að afla frekari upplýsinga hjá tækniefnd og fimleikasamböndum Norðurlanda um ákveðin atriði í erindi nefndarinnar. Stjórn samþykkir einnig að skoða það sérstaklega að setja Norðurlandamót U-14 inn í fjárhagsáætlun FSÍ.

Formaður TK Axel Bragason vísar af fundi.

Málið rætt

Samþykkt var að senda einn þjálfara á kostnað FSÍ með ungum og efnilegum fimleikadrenjum á Norðurlandamót drengja, U14. Jafnframt óskar stjórn eftir því að formaður (TK) haldi fund með tækninefnd karla um málið og upplýsi nýja nefndarmenn um markmið verkefnisins og að tilnefning um þjálfara komi frá tækninefnd karla til verkefnastjóra í áhaldafimleikum sem allra fyrst.

Formaður TK Axel Bragason tekur sæti að nýju og er tilkynnt bókun stjórnar.

Axel Bragason

7. Norðurlandamót Senior haldið 21-22.apríl í Greve, Danmörk

Formaður; Þorgerður Laufey Diðriksdóttir vék fundi

Varaformaður Arnar Ólafsson tók við fundarstjórn.

Axel Bragason lagði fram tillögu um að fara með fullskipað lið á Norðurlandamót seniora karla

Máli rætt

Stjórn samþykkir að senda fullt lið á Norðurlandamót seniora karla sbr. Fjárhagsáætlun en hvarmar að ekki hafi verið haldnir formlegir fundir í tækninefnd karla um málið og að ekki væri um ákvörðun nefndarinnar að ræða.

Verkefnisstjóra og formanni Tækninefndar karla í áhaldafimleikum var falið að vinna að málinu í samvinnu við tækninefnd karla í áhaldafimleikum.

8. Til kynningar.

a. Fundargerð Tækninefndar í hópfimleikum.

Fundargerð THF frá 27. febrúar 2012

Fundi slitið kl 20:30